

## Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um atvinnumál fatlaðra.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvernig miðar undirbúningi flutnings atvinnumála fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra yfir til Vinnumálstofnunar í kjölfar samþykktar laga um vinnumarkaðs- aðgerðir, nr. 55/2006, sbr. f-lið 12. gr. laganna og nefndarálit félagsmálanefndar á þskj. 1340 á 132. löggjafarþingi?
2. Hvenær er stefnt að því að þeim flutningi verði lokið?
3. Mun þessi flutningur fara fram í samráði við samtök fatlaðra og heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra? Ef svo er, hvernig verður því samráði háttað?
4. Hefur ráðherra skilgreint markmið með flutningnum?

Skriflegt svar óskast.